



Samningur um ráðgjafabjónustu við leikskóla

1.0 Samningsaðilar

Eyjafjarðarsveit, kt. 410191-2029, Skólatröð 9, 605 Akureyri
Akureyrarbær, kt. 410169-6229, Geislagötu 9, 600 Akureyri.

1.1 Tengiliðir samningsaðila

Skólastjóri í Krummakoti
Verkefnastjóri leikskóla á fræðslu- og lýðheilsusviði Akureyrarbæjar.

2.0 Þjónustubættir sem samningurinn tekur til.

2.1 Stjórnunarráðgjöf fyrir leikskólastjóra.

Verkefnastjóri leikskóla annast ráðgjöf við skólastjóra vegna stjórnunar og heimsækir leikskólann einu sinni á ári að hausti 3 tímar í senn, (aksturstími innifalinn).

Skólastjóri hefur aðgang að samráðsfundum leikskólastjóra á Akureyri fyrsta og þriðja miðvikudag í mánuði sem og handleiðslu- og ráðgjafafundum.

2.2 Ýmis umsýsla

Verkefnastjóri leikskóla veitir skólanum ráðgjöf í gegnum síma og netpóst. Leikskólinn hefur aðgang að því sem leikskólar Akureyrarbæjar eru að vinna sameiginlega s.s. námskeiðum og fræðslu. Þessi samningur nær þó ekki til aðkeyptrar fræðslu og/eða námskeiða, en þá skal kostnaði skipt miðað við fjölda þátttakenda.

3.0 Greiðslur

Fyrir áður greinda þjónustubætti og akstur til og frá skóla skal skólinn Krummakot greiða fræðslu- og lýðheilsusviði Akureyrarbæjar samtals kr. 362.310, sem tekur mið af áætluðum kostnaði árið 2025 (sjá meðfylgjandi blað). Upphæðina skal endurskoða árlega í ljósi breytinga á kjarasamningi, Sambands ísl. sveitarfélaga og KÍ vegna Félags stjórnenda leikskóla, launaflokkur 474 með 8% álagi, og akstursgjaldi. Greiðslan skal innt af hendi í einu lagi í september ár hvert.

Ef þjónustan verður meiri en tilgreint er hér að ofan þarf að greiða sérstaklega fyrir það, kr. 10.500 fyrir hverja klukkustund og akstursgjald til viðbótar, þessar upphæðir taka einnig breytingum í samræmi við kjarasamning, Sambands ísl. sveitarfélaga og KÍ vegna Félags stjórnenda leikskóla (leikskólaráðgjafa sjá hér ofar), og akstursgjald.

4.0 Samningsforsendur

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2025. Samningurinn er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Uppsögn skal þá taka gildi miðað við 1. janúar eða 1. júlí.

Samningsaðilar eru sammála um að ef þessar samningsforsendur breytast í verulegum atriðum geti þeir hvenær sem er á samningstímanum óskað eftir endurskoðun á samningnum.

5.0 Meðferð ágreiningsmála

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skulu aðilar reyna sættir, en reynist nauðsynlegt að reka mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Akureyri 21. janúar 2025

f.h. Eyjafjarðarsveitar

Finnur Ingvi Kristinsson

f.h. Akureyrarbæjar

Kristín Jóhannesdóttir

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Finnur Yngvi Kristinsson

Kennitala: 2802793159

Tími: 21.01.2025 10:55

Samþykkt

Undirritað með 

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Kristín Jóhannesdóttir

Kennitala: 2103755039

Tími: 21.01.2025 12:33

Samþykkt

Undirritað með 